

STJÓRNARTÍÐINDI B 78 – 2005

16. júní 2005

1315

Nr. 608

REGLUGERÐ

um sameiningu heilbrigðisstofnana.

1. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur ákveðið að sameina eftirtaldar heilbrigðisstofnanir undir nafninu Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins og tekur sameiningin gildi 1. janúar 2006:

Heilsugæslu í Reykjavík.

Heilsuverndarstöðina í Reykjavík.

Heilsugæslu í Kópavogi.

Heilsugæslustöðina Seltjarnarnesi.

Heilsugæslustöðina Mosfellsbæ.

Heilsugæslustöðina Hafnarfirði.

Heilsugæslustöðina Garðabæ.

2. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur ákveðið að sameina St. Jósefsspítala, Hafnarfirði og Sólvang, Hafnarfirði, undir nafninu St. Jósefsspítali, Sólvangur og tekur sameiningin gildi 1. janúar 2006.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. málsl. 2. mgr. 24. gr., sbr. 15. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 16. júní 2005.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

16. júní 2005

Nr. 609

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir Salar Islandica ehf., kt. 550500-3370, Fáskrúðsfirði. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í 1. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. júlí 2017.